

Fátækt



„Við megum ekki skila kynslóð-um framtíðarinnar eigingjarnri Evrópu sem skeytir ekki um þarfir annarra.“

Vaclav Havel

Fátækt er alþjóðlegur vandi sem fer vaxandi. Við tengjum hana gjarnan stöðum eins og Afríku sunnan Sahara en í Evrópu búa milljónir manna einnig við fátækt. Af 500 milljónum íbúa í Evrópusambandinu lifa um 70 milljónir við fátæktarmörk (sem eru skilgreind sem 60% af meðaltekjum í viðkomandi landi) og 2,7 milljónir eru heimilisláusar. Á Spáni lifa 20% íbúa undir fátæktarmörkum og 4,5% búa við sára fátækt. Í Bretlandi elst þriðjungur barna upp í fátækt.

Fátækt á umbrotatímum

„ (...) í nær öllum fyrrverandi sósíalískum ríkjum hefur fátækt aukist verulega á umskiptatímabilinu. Samt sem áður er fátækt ekki algerlega nýtt fyrirbæri og hún verður ekki einvörðungu rakin til umskiptanna; fátækt var til áður í Sovétríkjunum og á áhrifsvæði þeirra þó að slíkt væri ekki viðurkennt, af pólitískum og hugmyndafræðilegum ástæðum. Opinberir starfsmenn eru til dæmis hópur sem bjó ekki við fátækt áður, en laun þeirra og lífskjör hafa stórversnað. Atvinnuleysi er ein aðalorsök fátæktar á svæðinu.“

Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, 2001

Fátækt í heiminum

„Í ríkum löndum ná færri börn en eitt af hundraði ekki fimm ára aldri en í fátækustu löndunum er það allt að fimmtungur barna. Í ríku löndunum eru innan við 5% allra barna vannærð en í fátækum löndum allt að 50%.“

Alþjóðabankinn, 2000

Tengd verkefni

- Stjórnumspákort fátæktar, bls. 230.
- Taktu skref áfram, bls. 237.
 - Baráttan um auð og völd, bls. 93.
- Hvað finnst ykkur?, bls. 125.

Skilgreining á fátækt

Alger fátækt er miðuð við það sem telst vera lágmarksskilyrði þess að lifa af. Með þessari skilgreiningu er gert ráð fyrir tilteknum lágmarkslífskjörum og þeir sem eru undir þeim teljast „fátækir“. Sá mælikvarði sem oftast er notaður er tekjustigið: ef tekjur einstaklings eða fjölskyldu eru undir tilteknu marki, sem telst vera það lágmark sem þarf til viðunandi lífskjara, telst einstaklingurinn eða fjölskyldan vera fátæk.

Þegar *hlutfallsleg fátækt* er metin er staða tiltekins hóps skilgreind og mæld í samanburði við aðra í sama umhverfi, samfélagi eða landi. Þar af leiðir að maður sem telst vera fátækur í þróuðu landi getur í rauninni verið með hærri tekjur en maður í miður þróuðu landi sem telst vera bjargálma. Merking hugtaksins „fátækt“ er háð siðum, lífskjörum og gildum hvers landsvæðis í heiminum. Þannig hefur skilningurinn á því í hverju fátækt felst einnig menningarlega skírskotun.

Nú á dögum er mörgum ljóst að aukinn hagvöxtur dregur ekki endilega úr fátækt. Í löndum þar sem hagvöxtur hefur ríkt er fátækt ekki úr sögunni. Pólland hefur til dæmis náð góðum árangri á efnahagsviðinu en samt hefur fátækt aukist þar.

Það er almennt viðurkennt að „fátækt er margslungið vandamál þar sem fléttast saman huglægir, pólitískir og samfélagslegir þættir“, ásamt efnislegum þáttum (sem yfirleitt eru metnir til fjár). Rætur fátæktar geta verið efnahagslegar, félagslegar, pólitískar eða tengdar umhverfinu. Fátæktin hefur mörg andlit: hún getur þrífist í sveitum og borgum, verið viðvarandi eða tímabundið ástand. Sumir eru fátækir alla sína ævi en aðrir bara stundum. Hún er ekki óbreytt ástand.

Enn eitt mikilvægt atriði í þessu samhengi er það sem oft er kallað „kvengerving fátækta“. Þetta merkir að fleiri konur en karlar eru meðal fátækra, en það tengist meðal annars kynbundnum afleiðingum fátækta.

Fátækt og mannréttindi

Í Vínaryfirlýsingunni og aðgerðaáætluninni sem voru samþykktar á mannréttindaráðstefnunni í Vín í Austurríki (júní 1993) er því lýst yfir að „útbreidd og sár fátækt hindri það að fólk fái notið mannréttinda sinna til fulls ... einkum efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda.“ (14. grein).

Mikilvægt er að átta sig á því að njóti fólk ekki viðunandi heilbrigðisþjónustu, jafnréttis, húsbúðis o.s.frv., en það er ein afleiðing fátækta og félagslegrar útilokunar, eru borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi þess skert og það kemur síðan í veg fyrir að það geti krafist efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þetta er skýrt dæmi um það að mannréttindi eru ódeilanleg og gagnvirk.

Amnesty International og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

Fundur alþjóðaráðs Amnesty International sem fór fram í ágúst 2001 samþykkti að færa út umboð samtakanna svo að þau gætu fjallað um mannréttindi í víðasta skilningi. Þaðan í frá hafa samtökin ekki aðeins barist gegn pyndingum eða fyrir samviskufanga, heldur einnig gegn hvers kyns mismunun, hvort sem hún snertir stjórnmalaleg og borgaraleg réttindi eða efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Yfirlýsingin um réttinn til þróunar, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 4. desember 1986, er fyrsti alþjóðlegi samningurinn sem fjallar eingöngu um réttinn til þróunar. Hún er nátengd annarri kynslóð mannréttinda, sem er lýst í Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Þróun er skilgreind í Formála sem „Hnatrænt efnahagslegt, félagslegt, menningarlegt og stjórnmalalegt ferli sem hefur það að markmiði að auka hagsæld allra þjóða og allra einstaklinga með frjálsri, virkri og marktækri þátttöku þeirra í þróuninni og réttlátri skiptingu sem af henni leiðir.“ Í 2. grein sömu yfirlýsingar er lögð áhersla

„Hagvöxtur eykur þau efnislegu gæði sem uppfylla mannlegar þarfir en það veltur á skiptingu gæðanna að hve miklu leyti fólk nýtur þeirra og tækifærunna sem þeim fylgja, einkum atvinnu.“

Moreira

Æskulýðshreyfing fjórða heimsins

er hluti af Fjórðaheimshreyfingunni, samtökum sem helga sig baráttunni gegn fátækt.

www.atd-fourthworld.org

Lykildagsetningar

17. október

Alþjóðadagur helgaður útrýmingu fátæktar

5. desember

Alþjóðadagur helgaður sjálfbærni við efnahags- og félagslega þróun

á eftirfarandi: „maðurinn er í fararbroddi allrar þróunar og á að vera virkur þátttakandi og njóta réttarins til þróunar.“



Finnt þér að allir samningarnir sem ríkisstjórnir hafa samþykkt hafi eitt-hvað að segja í baráttunni gegn fátækt í heiminum?

Á heimsþinginu um félagslega þróun, sem var haldið í Kaupmannahöfn árið 1995, skuldbundu 185 lönd sig til þess, í umboði fulltrúa sinna, að uppræta algera fátækt og samþykktu tilteknar áætlanir og tillögur þess efnis. Leiðtogar ríkisstjórna og ríkja samþykktu yfirlýsingu og aðgerðaáætlun sem hefur verið kölluð „Copenhagen + 6“, en í september 2001 hafði ekkert af tilgreindum markmiðum náðst að fullu.

Þeir alþjóðlegu og svæðisbundnu samningar sem til eru hafa haft takmörkuð áhrif í baráttunni gegn fátækt. Ein ástæða þess er að margir þessara samninga eru ekki með nein ákvæði sem knýja á um að réttindunum sé framfylgt. Önnur ástæða er að þótt unnið hafi verið að því síðustu 50 árin að þróa mannréttindareglur, og alþjóðasamfélagið hafi viðurkennt að sjálfbær þróun sé óhugsandi nema mannréttindi séu virt, hefur fátækt ekki enn verið tengd mannréttindum með beinum hætti. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegu mannréttindasáttmálarnir tveir vísa í inngangsorðum sínum til frelsis frá skorti, og mannréttindasamningarnir kveða á um réttinn til viðunandi lífskjara, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis.

Félagsmálasáttmáli Evrópu

Í því skyni að tryggja, að réttur til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar sé raunverulega nýttur, skuldbinda samningsaðilar sig til:

1. að tryggja, að sérhverjum manni, sem hefir ónóg fjárráð og sem ekki getur aflað sér þeirra af eigin rammleik eða annars staðar frá, og þá sérstaklega með greiðslum samkvæmt tryggingakerfi, verði veitt næg aðstoð, og ef um veikindi er að ræða, sú umönnun, sem nauðsynleg er vegna ástands hans,
2. að tryggja það, að fólk, sem slíkrar aðstoðar nýtur, bíði ekki fyrir þá ástæðu hnekki í sambandi við stjórn mála eða félagsleg réttindi sín,
3. að sjá til þess með viðeigandi opinberri þjónustu, að allir fái eftir þörfum notið ráðlegginga og persónulegrar aðstoðar til þess að koma í veg fyrir, bæjja frá eða draga úr skorti, að því er þá sjálfa eða fjölskyldur þeirra varðar,

Félagsmálasáttmáli Evrópu, 13. grein

Lokaniðurstöður

Meðal algengustu fordómanna gagnvart fátæku fólki er sú skoðun að það hafi viljandi komið sér í þessar aðstæður eða það vinni ekki nógu mikið – og þar með er gefið í skyn að það sé latt og ábyrgðarlaust. Þannig eru hinir fátæku látnir bera alla ábyrgð á aðstæðum sínum; gert er ráð fyrir að þjóðfélagið beri enga ábyrgð á þeim og það geti ekki gert neitt fyrir þá. Þetta viðhorf stríðir gegn mannréttindamenningu því að það sviptir fólk sem á erfitt uppdráttar möguleikunum á að lifa með reisn og njóta réttinda. Auk þess er þar ruglað saman afleiðingum fátæktar (breyttu hegðunarmynstri, lyfjamisnotkun, því að vilja ekki vinna, áfengisneyslu o.s.frv.) og flóknum grunnorsökum.

Ef útrýma á fátækt þarf að ráðast að rótum hennar, ekki nægir að sinna einungis brýnustu þörfum, og til þess þarf verulegt pólitískt átak, einkum af hálfu ríkja og alþjóðlegra stofnana; fátækt og stjórn mála tengjast því náð.

„Baráttan gegn fátækt er mjög pólitískt málefni. Í flestum þjóðfélögum snýst fátækt um misskiptingu valds, auðs og tækifæra.“ Þróunaráætlun SP, 2001.



Ertu sammála þessari fullyrðingu?

Í þúsaldaryfirlýsingu frá september 2000 skuldbatt alþjóðasamfélagið sig til þess að útrýma fátækt og setti sér það markmið að fækka um helming þeim sem hefðu minni tekjur en einn Bandaríkjadal á dag fyrir árið 2015.

Dæmi um félagsfræðilegar vísbendingar sem tengjast fátækt: atvinnuleysi og ungt fólk í Austur-Evrópu

Eins og á Vesturlöndum er atvinnuleysi meira meðal ungmenna en annarra. Árið 1999 voru 65 milljónir ungmenna á aldrinum 15 til 24 ára í Mið- og Austur-Evrópu og Samveldi sjálfstæðra ríkja (27 löndum). 27% þeirra (18 milljónir) voru hvorki í námi né með atvinnu. Meðalatvinnuleysi ungmenna í 18 þessara landa var 30%, tvöfalt meira en atvinnuleysishlutfallið í heild. Atvinnuleysi ungs fólks er einkum mikið í Suðaustur-Evrópu (71% í Makedóníu, 61% í fyrrverandi Júgóslavíu, 35% í Búlgaríu), í Kákasuslöndunum (46% í Aserbaísjan, 27% í Georgíu) og í Mið-Asíu (37% í Kirgistan, 33% í Tadsjikistan).⁴³

Dæmi um þjóðaráttak gegn fátækt

Hlutskipti barna í Moldóvu veldur mönnum áhyggjum. Í mörgum fjölskyldum eru aðaltekjurnar lágar barnabætur. Undanfarin ár hefur næringarástand barna í fátækum fjölskyldum farið versnandi, með alvarlegum afleiðingum fyrir heilsu þeirra og vitsmunaprofna. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að setja í gang sérstaka áætlun til að sporna gegn fátækt barna og er það liður í þjóðaráttaki til að draga úr fátækt. Í þessu felast ýmis úrræði sem miða að því að koma á sérstöku félagslegu kerfi fyrir munaðarlaus og fötluð börn og börn í fátækum fjölskyldum.⁴⁴

Heimildir

Bilan économique et social 2000, le Monde, Frakklandi, útgáfa 2001.

Choices for the poor, Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, New York, 2001.

Þróunarskýsla 2001, Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, New York, 2001.

Moreira, C, *Eradication of poverty in the world: an assessment on the threshold of the year 2000*, Social Watch, www.socwatch.org.uy/, Úrúgvæ, 2000.

Pettiti, L, Meyer-Bisch, P, "Human rights and extreme poverty", *Human Rights, New Dimensions and Challenges*, Ed. J. Symonides, Unesco, París, 1998, bls. 157–176.

Report of the expert seminar on human rights and extreme poverty, 7.–10. febrúar 2001, E/CN.4/2001/54/Add.1, Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna, Genf, mars 2001.

The dimensions of poverty, Social Watch, www.socwatch.org.uy/, Úrúgvæ, 1997.

„Young people in changing societies“, *Regional Monitoring Reports*, No 7, Florence: Unicef Innocenti Research Center, 2000.

